


Portrettið af Thor.

um myndskreytingar í blöð og og bækur, „alveg ágætis brauðstrit. En öll verkefnin sem maður fær eru ekki jafn skemmtileg. Þrátt fyrir þá góðu fingraæfingu sem maður fær með þessu, getur maður orðið svolítið mekaníseraður."

En hann er þó sammála því að teiknifærni hans hafi hjálpað honum sem listmálara. „Jú, það er alveg rétt, enda byggir spænsk myndlistarkennsla mjög á því að kenna mönnum að teikna. Hún leggur mikla áherzlu á form og myndbyggingu, eins og sú hollenzka, en andstætt t.d. kennslunni á Norðurlöndum og í Þýzkalandi."

Teikningar, myndskreytingar og portrettmálun hafa veitt Baltasar ærinn starfa undanfarin ár. „Já, ég hef ekki þurft að kvarta yfir verkaefnaskorti og það bíður t.d. langur listi af fólki eftir portrettum. En það er líka list að vita hvenær komið er nóg. Það er t.d. mikil pressa fylgjandi því að mála portrett. Maður verður að passa að láta pyngjuna ekki ná of miklum tökum á sér. Listin er að taka pínulítið af hverju, sníða sér ekki of þröngan stakk. Ekki mála bara fólk eða bara landslag. Þá er hætt við því að það hætti að snerta mann."

Thor og hrossin

Hins vegar kvað Baltasar öll mótíf, allar tegundir mynda geta veitt sér ánægju í vissum tilvikum og ef ekki kæmi of mikið í einu. „Tökum portrettinn. Það var til dæmis hrein unun að vinna portrettið af Thor Vilhjálmssyni, sem er hér á sýningunni. Ég hef þekkt hann og séð hann eldast og breytast. Ég málaði hann eins og hann kom mér fyrir sjónir eina kvöldstund, í því skapi sem hann var þá. Það hjálpar manni andlega að mála portrett þegar fólk er eðlilegt, eins og Thor var þegar ég málaði þessa mynd."

Morgunblaðsmaður spurði þá hvort það væri þessi eðlileiki sem gerði hesta að jafn áleitnu myndefni fyrir Baltasar og raun ber vitni. „Já, ég var einmitt að velta því fyrir mér, hvort ég ætti að líkja því að mála portrett af Thor við að mála hesta," svaraði Baltasar brosandi. „Þeir eru svona afslappaðir og blátt áfram. Sama er að segja um sum börn. Þau geta gleymt sér."

Af myndlistarmenningunni

„Ég vil ekki þurfa að móðga neinn," svaraði Baltasar, er hann var inntur álits á því andrúmslofti sem ríkir í myndlistarmenningunni hér. „Ég hef þekkt vel nokkra málara, t.d. Scheving, Sverri Haraldsson og Jóhannes Geir. En þá er að geta hins, sem mér finnst leiðinlegt, að mér hefur tvisvar verið meinuð innganga í Félag íslenzkra myndlistarmanna án þess að ég hafi fengið nokkra skýringu á því. Ég er ekki sár út af þessu, en ég skil þetta ekki og mér þykir það leiðinlegt. Þær móttökur sem myndir mínar fá hjá fólkinu sjálfu skipta mig miklu meira máli. Og þær góðu stundir sem ég átti með Scheving áður en hann dó, og vinátta Sverris og Jóhannesar Geirs hafa verið mér ómetanleg. Þó að ég sé einangraður af mínu eigin fagfélagi, þá get ég komið á bóndabæi upp í sveit, og mér standa allar dyr opnar. Það skiptir mig meiru."

Framtíðin

„Nú hef ég mikinn hug á að fara utan með ljósmyndir af þessari sýningu," sagði Baltasar, þegar hann var að lokum spurður um hvað væri framundan, „og kanna viðbrögð fróðra manna. Ég hefði gaman af því að geta gengið í gegnum næsta hreinsunareld erlendis, t.d. á Spáni eða í Bandaríkjunum."

„Úr þessu er ég hættur öllu öðru en að mála. Þessi sýning hefur sýnt mér að ég verð að halda áfram að mála þótt maður verði að þrengja beltið svolítið. Það er ekki hægt að þjóna tveimur herrum. Þau góðu áhrif sem sýningin virðist hafa haft á fólk, viðbrögð þess við henni, hvetja mig til að halda áfram á sömu braut. Aðeins að gera betur."

— Á. Þ.

FERÐA-FREISTINGAR 1974

úrvalsferðir til Mallorca



Þægilegt þotuflug með þotu frá Flugfélagi Íslands, beint til Palma.
Í ferðum þessum eru á boðstólnum hótel og íbúðir auk venjulegra ferða um eyjuna t.d. Drekahellana, Valdemosa, Næturklúbbaferð og Grísaveizla.

Hótel Bahamas Arenal — Mjög gott 1 stjörnu hótel, austast á Arenal (ca. 12 km. frá Palma. Öll herbergi eru með sturtu og svölum. Sundlaug er við hótelið. — Fullt fæði.

Hotel Aya Arenal — 3 stjörnu hótel (10 km. fyrir austan Palma). Hótelið er viðurkennt sem gott 3 stjörnu hótel. Dansað er þrisvar í viku á hótelinu. Öll herbergi hafa bað og svalir. Sundlaug er við hótelið. — Fullt fæði.

Hotel Playa Marina Illetas — 3 stjörnu hótel (5 km. fyrir vestan Palma). Hótelið er staðsett í hinu mjög svo rómaða þorpi Illetas, sem þekkt er fyrir fegurð og kyrrð. Gestir hótelsins dvelja aðallega á veröndum umhverfis sundlaug hótelsins. Dansað er á hótelinu þrisvar í viku. Svalir og bað með hverju herbergi. Í hótelinu eru mjög skemmtilegar setustofur. Úrvalsfarþegar hafa dvalið á hótelinu frá opnun þess 1971. — Fullt fæði.

Las Palomas Palma Nova — Nýtt stórt íbúðahús, staðsett fyrir miðju hinnar vinsælu strandar Palma Nova (16 km. fyrir vestan Palma). Litlar íbúðir með eldhúsi, baði auk sameiginlegs svefnherbergis með setukrók (20 fm). Svalir vísa allar út að ströndinni. Sundlaug og veitingastaður eru við húsið. Niður að ströndinni eru aðeins 50 metrar. — Án fæðis.

Maria Elena I & II Magaluf — Hús þessi eru bæði staðsett rétt við ströndina í Magaluf (18 km. fyrir vestan Palma). Íbúðirnar eru mjög vistlegar. Þær hafa tvö svefnherbergi, setustofu, eldhús, bað og svalir. Sundlaug fyrir gesti er við húsin. Án fæðis.

5/4—15—4	11 dagar
15/4— 3/5	19 —
3/5—17/5	15 —
17/5— 7/6	22 —
7/6—21/6	15 —
21/6—12/7	22 —
12/7— 2/8	22 —
26/7— 9/8	15 —
2/8—16/8	15 —
9/8—30/8	22 dagar
16/8— 6/9	22 —
30/8—13/9	15 —
6/9—20/9	15 —
13/9—4/10	22 —
20/9—11/10	22 —
4/10—18/10	15 —
11/10—31/10	21 —

VERÐLISTI FYRIR MALLORCA 1974

	5/4—15/4 11 dagar	15/4—3/5 19 dagar	3/5—17/5 4/10—18/10 15 dagar	17/5—7/6 20/9—11/10 22 dagar	7/6—21/6 15 dagar	21/6—12/7 12/7— 2/8 22 dagar	26/7— 9/8 2/8—6/8 30/8—13/9 6/9—20/9 15 dagar	9/8—30/8 16/8— 6/9 13/9—4/10 22 dagar	11/10—31/10 21 dagur
HOTEL BAHAMAS	22.500.—	23.500.—	23.100.—	29.380.—	24.560.—	30.680.—	26.860.—	31.680.—	24.950.—
HOTEL AYA	26.050.—	28.200.—	26.700.—	37.550.—	30.600.—	39.050.—	33.400.—	40.250.—	31.500.—
HOTEL PLAYA MARINA	29.050.—	32.980.—	30.450.—	43.280.—	34.450.—	44.880.—	37.200.—	46.100.—	36.800.—
ÍBÚÐ LAS PALOMAS	24.150.—	23.000.—	25.000.—	29.400.—	25.200.—	32.200.—	30.360.—	35.300.—	25.800.—
ÍBÚÐ MARIA ELENA 2 pers.	24.150.—	23.000.—	25.000.—	29.400.—	25.200.—	32.200.—	30.360.—	35.300.—	25.800.—
ÍBÚÐ MARIA ELENA 4 pers.	24.100.—	21.100.—	22.000.—	27.100.—	23.950.—	29.550.—	28.550.—	32.750.—	23.950.—

Leitið upplýsinga á skrifstofunni um sérstakan barnaafslátt í íbúðum.
Öll verð eru háð gengisbreytingum og hækkun eða lækkun olíuverðs.

5/4 —15/4	11 dagar	verð frá kr. 22.500,—, (Páskar)
15/4 — 3/5	19 dagar	verð frá kr. 20.100,—
3/5 —17/5	15 dagar	verð frá kr. 20.700,—
17/5 — 7/6	22 dagar	verð frá kr. 27.100,—
7/6 —21/6	15 dagar	verð frá kr. 23.950,—
21/6 —12/7	22 dagar	verð frá kr. 29.550,—
12/7 — 2/8	22 dagar	verð frá kr. 29.550,—
26/7 — 9/8	15 dagar	verð frá kr. 28.550,—
2/8 —16/8	15 dagar	verð frá kr. 28.550,—
9/8 —30/8	22 dagar	verð frá kr. 32.750,—
16/8 — 6/9	22 dagar	verð frá kr. 32.750,—
30/8 —13/9	15 dagar	verð frá kr. 28.550,—
6/9 — 20/9	15 dagar	verð frá kr. 28.550,—
13/9 — 4/10	22 dagar	verð frá kr. 32.750,—
20/9 —11/10	22 dagar	verð frá kr. 27.100,—
4/10—18/10	15 dagar	verð frá kr. 20.700,—
11/10—31/10	21 dagur	verð frá kr. 23.950,—

FERÐASKRIFSTOFAN ÚRVAL
Eimskipafélagshúsinu, simi 26900